

Rektor setti fund kl. 9.00.

Mættir voru auk hans:

Aðalheiður Ámundadóttir fulltrúi nemenda
Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðuneytis
Elísabet Hjörleifsdóttir varafulltrúi kennara
Helga Hlín Hákonardóttir skipuð af háskólaráði
Svanfríður Inga Jónasdóttir varafulltrúi skipuð af háskólaráði

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Sigrún Stefánsdóttir formaður stjórnar Rannsóknasjóðs HA

Ólöf Nordal fulltrúi menntamálaráðuneytis var á símafundi.

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar

0812012

Rektor bar upp fundargerð 273. fundar og var hún samþykkt.

2. Rekstraráætlun 2009

0901016

Rektor rifjaði upp bókun frá síðasta háskólaráðsfundi þess efnis að niðurskurði á opinberum framlögum til HA árið 2009 skuli mætt án þess að segja upp starfsfólki.

Fyrir lá samþykkt framkvæmdastjórnar um viðbrögð við niðurskurði stjórnvalda á framlögum til Háskólans á Akureyri sem gerð var 13. janúar og endurskoðuð 23. janúar sl.

Rektor greindi frá að aðgerðirnar hefðu verið kynntar á almennum starfsmannafundi 19. janúar sl. Rakti hann síðan í hverju fyrirhugaðar sparnaðaraðgerðir eru fólgnar.

Forsendur:

1. Niðurskurður stjórnvalda á framlögum til háskólans samkvæmt fjárlögum er 105.3 mkr. á árinu 2009
2. Framkvæmd samnings við menntamálaráðuneytið um kennslu og rannsóknir frá 18. desember 2007 er frestað
3. Gera verður ráð fyrir enn frekari niðurskurði ríkisútgjalda á árinu 2010 samkvæmt yfirlýsingum ríkisstjórnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Áhersla er lögð á eftirfarandi atriði:

1. Að vernda störf innan háskólans
2. Að námi nemenda verði ekki raskað
3. Að halda áfram að byggja upp öflugan háskóla í samræmi við stefnu Háskólans á Akureyri 2007 – 2011

Aðgerðir í rekstraráætlun 2009

Fyrstu drög að rekstraráætlun fyrir árið 2009 að teknu tilliti til endanlegrar fjárveitingar gerðu ráð fyrir u.þ.b. 27 mkr. halla. Framkvæmdastjórn taldi að stefna bæri áfram að u.þ.b. 15 mkr. rekstrarafgangi og að hafa a.m.k. 20 mkr. óráðstafaðar. Þannig þurfti að lækka útgjöld háskólans um liðlega 60 mkr. og er það gert í eftirfarandi aðgerðum sem framkvæmdastjórn gerir tillögur um:

Fækkun rannsóknamissera

Staðið verði við þau rannsóknamisseri sem úthlutað var á vormisseri 2009 en afturkölluð verði rannsóknamisseri sem úthlutað var á haustmisseri 2009 og vormisseri 2010. Jafnframt er gert ráð fyrir endurskoðun á veitingu rannsóknamissera á haustmisseri 2010. Sparnaður er áætlaður 42.5 mkr.

Aðhald í ferðakostnaði

Dregið verði úr ferðakostnaði, einkum erlendis, svo sem frekast er unnt. Sparnaður er áætlaður 9 mkr.

Hagræðing við kennslu

Sparnaður áætlaður 4 mkr.

Ýmsar leiðréttingar

Sparnaður áætlaður 5 mkr.

Fyrir fundinun lá til kynningar *tillaga að 105 m.kr. sparnaði í rekstri Háskólans á Akureyri árið 2009* frá Þóroddi Bjarnasyni.

Ólafur og Úlfar fóru yfir *Rekstraráætlun 2009* sem framkvæmdastjórn samþykkti 13. janúar sl. Í máli þeirra kom fram að heildarútgjöld háskólans nettó hækki um 6% milli ára 2008 og 2009. Áætlanir fyrir kennsludeildir byggja á áætluðu námsframboði deildanna og áætlanir stoðdeilda byggjast á núverandi verkefnum og starfsmannafjölda. Áætlunin gerir ekki ráð fyrir launahækkunum á árinu 2009. Reiknað er með 15 – 25% verðlags-hækkunum á almennum rekstrarvörum, mest allt að 40% þar sem útgjöld tengjast beint gengi íslensku krónunnar.

Útgjöld vegna rannsóknastarfs og tækjakaupa lækka og munar þar mestu um afturköllun rannsóknamissera á haustmisseri 2009 og vormisseri 2010. Fram kom að háskólinn áætlar um 250 mkr. til rannsókna árið 2009, sem samanstendur af rannsóknþætti kennarastarfa, vinnumatssjóði, rannsóknasjóði HA, stjórnslu rannsókna og rannsóknamisserum. Rekstraráætlun 2009 er gerð með það í huga að árið 2010 kunni að koma til enn frekari niðurskurðar á opinberum fjárframlögum. Áætlunina þarf að endurskoða um mitt ár í ljósi verðlagsþróunar.

Fram kom að á fjárákalogum 2008 hefðu fengist 225 mkr. vegna eldri uppsafnaðs hallareksturs. Með áframhaldandi jafnvægi í rekstri væru góðar líkur á að honum verði eytt á næstu árum.

Umræður urðu síðan um rekstraráætlunina og tillögur um sparnaðaraðgerðir. Rætt var m.a. um hlutfall kennslu, rannsókna og stjórnunar hjá háskólakennurum, mikilvægi þess að sýna aðhald í ferðakostnaði og afturköllun rannsóknamissera. Hjá meirihluta fundarmanna kom fram stuðningur við tillögur framkvæmdastjórnar og að með þeim hefði tekist að uppfylla fyrri samþykkt háskólaráðs um að vernda störf innan háskólans. Í því efna-

hagsástandi sem nú ríkti væri mikilvægt að verja þann ávinning sem þegar hefur náðst með öflugri starfsemi háskólans.

Elísabet sagði það skoðun sína að vel hefði tekist til að ná tókum á rekstri háskólans. Taldi hún hins vegar að sparnaðaráform fyrir árið 2009 stangist á við stefnu skólans. Lýsti hún áhyggjum af afleiðingum sem afnám rannsóknamissera gætu haft á gæði háskólans og kennslunnar.

Rektor bar upp til samþykktar Rekstraráætlun 2009 ásamt samþykkt framkvæmdastjórnar frá 13. janúar sl. Var hún samþykkt með sex atkvæðum gegn einu. Elísabet óskaði eftir að eftirfarandi væri bókað:

„Með bókun þessari vek ég athygli á því að ástæða sé til þess að hafa áhyggjur af þeirri niðurstöðu sem Háskólaráð hefur nú komist að um niðurfellingu rannsóknamissera fyrir fastráðna kennara á skólaárinu 2009 – 2010. Þessi ákvörðun mun skaða Háskólann á Akureyri þegar til lengri tíma er litið bæði orðspor hans og þær rannsóknir sem eiga sér stað innan hans. Ég lít svo á að með þessari ákvörðun sé vegið að annarri megin starfsemi skólans, þ.e.a.s. rannsóknnum.“

Rektor mun gangast fyrir því að fá sem fyrst upplýsingar frá menntamálaráðherra um horfur í fjárveitingum fyrir árið 2010.

3. Úthlutun úr rannsóknasjóði HA

0901048

Sigrún Stefánsdóttir formaður sjóðsstjórnar kom á fund. Gerði hún grein fyrir fjölda umsókna sem borist hefðu og tillögum um úthlutun styrkja upp á samtals 13.015.865 kr. Greindi hún líka frá reglum Rannsóknasjóðs um greiðslu styrkja og því að réttur til að nýta styrk rennur út 1. desember árið eftir að úthlutun fer fram.

Háskólaráð samþykkti tillögur að úthlutun, þakkaði Sigrúnu fyrir og vék hún af fundi.

4. Auglýsing um starf rektors

0901004

Frestur til að skila umsóknum um starfið rennur út 10. febrúar. Á næsta fundi þ.e. 20. febrúar nk. þarf háskólaráð að tilnefna tvo menn í nefnd til þess að meta hæfni umsækjenda en menntamálaráðuneyti tilnefnir einn.

5. Önnur mál

Ákveðið var að færa háskólaráðsfund 16. mars til mánudags 23. mars 2009.

Öðrum dagskrárliðum var frestað, fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.30.